## AÐALSKIPULAG DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020 M: 1:50.000 - Staðfest 24. 02. 2010




### SKÝRINGAR:

LANDNOTKUN:

- BÆJARSTÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- SKÓGRÆKT
- STÖK ÍBÚÐARHÚSALÓÐ
- STÖK SUMARHÚSALÓÐ
- VÖTN ÁR OG SJÓR

VERNDARSVÆÐI:

- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI / SVÆÐI Á NÁTTÚRURMINJSKRÁ 1996
- HVERFISVERNDARSVÆÐI
- TILLAGA SVEITARSTJÓRNAR AÐ FRIÐLÝSINGU FORNMINJAR

SAMGÖNGUR:

- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020: 1:50.000




### SKÝRINGAR:

LANDNOTKUN:

- BÆJARSTÆÐI
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- SKÓGRÆKT
- VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
- STÖK SUMARHÚSALÓÐ
- VÖTN ÁR OG SJÓR

VERNDARSVÆÐI:

- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI / SVÆÐI Á NÁTTÚRURMINJSKRÁ 1996
- HVERFISVERNDARSVÆÐI
- TILLAGA SVEITARSTJÓRNAR AÐ FRIÐLÝSINGU FORNMINJAR

SAMGÖNGUR:

- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR

# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020

**Kerhamrar í landi Múla - Breytt landnotkun**

## GREINARGERÐ

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. mars 2016 óverulega breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020, sem tekur til breyttrar landnotkunar á Kerhömrum í landi Múla.

**Forsendur**

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 kemur fram að stök íbúðarhúsalóð sé í landi Múla í Álftafirði (sjá bls. 143 í greinargerð) og á aðalskipulagsuppdrætti er hún gefin til kynna með dökkfjólubláum ferningi merktum Kerhömrum. Í mars 2016 var lóðin hnitsett til samræmis við lóðarmörk eins og þau eru sýnd í kaupsamningi frá 2011 og reyndist hún vera 3,24 ha að stærð. Á lóðinni stendur 340 m$^2$ bygging sem reist var árið 1990, sem nú er nýtt sem gistiaðstaða fyrir ferðafólk en hefur áður gengt hlutverki skóla- og samkomuhúss, einbýlishúss og lakkrísverksmiðju.

Jörðin Múli stendur við botn Álftafjarðar í mynni Geithelladals, sem liggur til vesturs. Í dalbotninum er jörðin nokkuð gróið flatlendi og tún. Að sunnanverðu taka við klettar og klettabelti uns fjallgarður sá rís er skilur að Geithelladal og Hofsdals.

Lóðin Kerhamrar stendur fast við heimreiðina að Múlabæjunum að sunnanverðu milli Kiðhamrakletta og Aftandældarlæks, og eru austurmörk hennar í um 200 m fjarlægð frá Hringvegi. Lóðin er sæmilega gróin, gróður er hvað mestur nærri Aftandældarlæk en þegar fjær dregur læknum taka við lítið grónir melar. Kringum húsið er garður sem markaður er með skjólbelti úr víði. Norðan og austan við bygginguna eru bílastæði.

**Breyting á aðalskipulagi**

Tillaga að breytingu að aðalskipulagi tekur til breyttrar landnoktunar lóðarinnar Kerhamra í landi Múla.

Á aðalskipulagsuppdrætti er afmörkun lóðarinnar uppfærð til samræmis við hnitasetningu frá mars 2016 og lit landnotkunarflokks breytt úr dökkfjólubláum (íbúarsvæði) í gulan (verslun og þjónusta). Jafnframt er texta í greinargerð aðalskipulagsins (kafla 5.9.2, bls. 142) breytt úr *„Þá eru [...] sýndar stakar, þegar byggðar, íbúðalóðir í landi Múla og á Aski“* í *„Þá er [...] sýnd stök, þegar byggð, íbúðarlóð á Aski“*. Í kafla 5.3.2 er bætt við eftirfarandi texta: *„Gert er ráð fyrir 3,24 ha verslunar- og þjónustusvæði á Kerhömrum í landi Múla“*. Í töflu 30 er „X“ fellt á brott í dálknum „Íbúðarbyggð - Lóð“ fyrir jarðirnar Múli I, II og III. Þess í stað er „X“ fært inn í dálkinn „Verslun & þjónusta“ (sjá bls. 125 í greinargerð) fyrir sömu jarðir. Með breytingunni verður heimilt að reisa 350 m2 gistirými á lóðinni.

**Tengsl við aðrar áætlanir**

Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir en Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Ekkert deiliskipulag er til af lóðinni.

**Niðurstaða sveitarstjórnar**

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir að stefnt sé að eflingu ferðaþjónustu á svæðinu, svo sem með samvinnu sveitarfélags, ferðaþjónustuaðila og íbúa. Að mati sveitarstjórnar Djúpavogshrepps er þessi tillaga að breytingu á aðalskipulagi til þess fallin að styrkja innviði ferðaþjónustunnar á svæðinu og byggð í fámennri sveit. Þar sem svæðið hefur í áratugi verið nýtt til samkomuhalds eru tilteknir innviðir fyrir hendi t.d. rúmt bílastæði og gott aðgengi og að mati sveitarstjórnar hentar lóðin Kerhamrar því vel til þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er.

Til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum leggur sveitarstjórn á það ríka áherslu að fyrirhuguð uppbygging ferðaþjónustu fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt og frágangur sé í fullu samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps telur ekki ástæðu til að ætla að breytt landnotkun muni hafa eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á umhverfi og samfélag. Sveitarstjórn telur því að hér sé um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 að ræða sbr. 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps

þann 10/3 2016

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 14. 4. 2016

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps

SKIPULAGSSTOFNUN


TGJ
TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR
skipulagsáætlanir • svæðis-aðal-hverfa- og deiliskipulag • umhverfismat • húsakannanir • uppmælingar • hönnun bygginga og ráðgjöf
TJARNARGÖTU 4, 4. HÆÐ, 101 REYKJAVÍK
sími: 5627750 gsm: 8980381
netf.: tgj@tgj.is vefsíða: www.tgj.is

arkitektar: Guðrún Jónsdóttir ark.faí.
Ragnheiður Ragnarsdóttir ark.faí.
umhverfissálfræði dr. Páll Jakob Líndal


teiknað: RR módel: NN

mælikvarði : 1:50.000 skrá: 7.3.16 KERHAMRAR dagsetning : 10.3.2016

SAMÞYKKT

**Teikn. nr. 1**

frumgerð A4